



Umhverfisetjur á öllum aldri tóku höndum saman viðs vegar um land í gær á Stóra plockkdeginum. Umhverfisráðherra og forseti Íslands voru meðal þeirra sem tóku sér ruslapoka í hönd og tindu upp sopp sem endað hafði í náttúrunni og við vegkanta. Af nógu var að taka. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ **+PLÚS** Fleiri plockmyndir er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

## Áfall að heyra af morðinu í Mehamn

Systir Íslendingsins sem myrtur var með skotvopni í bænum Mehamn í Norður-Noregi á laugardag segist hafa verið í losti eftir að lögreglan færði henni tíðindin. Þau hafi verið nán. Hálfbróðir hins látna er grunaður.

**LÖGREGLUMÁL** „Sársaukinn er ólýsanlegur,“ segir Heiða B. Þórðardóttir, systir Gísla Þórs Þórarinssonar sem skotinn var til bana í bænum Mehamn í Finnmark í norðurhluta Noregs á laugardag.

Líkt og greint hefur verið frá í fjölmiðlum um helgina var hálfbróðir Gísla Þórs handtekinn grunaður um ódæðið en ásamt honum var annar Íslendingur handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Málið hefur vakið mikinn óhug og er hið litla sam-

**Sársaukinn er ólýsanlegur.**

Heiða B. Þórðardóttir, systir Gísla Þórs

félag í Mehamn slegið yfir málinu.

Heiða segir í samtali við Fréttablaðið að þau Gísla Þór hafi verið nán og rétt saman daglega vikuna fyrir andlátinu. Hún segir það hafa verið gríðarlegt áfall þegar lögreglan færði henni tíðindin af voveiflegu

andláti Gísla á laugardag. Margir hafa minnst Gísla Þórs um helgina sem hvers manns hugljúfa og yndislegs manns. Þær lýsingar tekur systir hans undir.

Heiða segir Gísla Þór, sem var ferfugur þegar hann lést, hafa verið mikinn og stóran persónuleika og ljóst sé að margir syrgi hann. Sjálf lýsir hún því að tíðindunum hafi fylgt algjört lost. „Þvílíkt áfall.“

Hálfbróðirinn, sem er 35 ára gamall, skrifaði færslu á Facebook-síðu sína stuttu eftir morðið þar sem

hann virtist játa og baðst afsökunar á „svívirðilegum glæp“ sem hann hefði framið. Sagði að það hefði ekki verið ætlunin að hleypa skoti af byssunni.

„Ég framdi svívirðilegan glæp sem mun elta mig alla ævi. En þetta átti aldrei að fara svona en þetta var stórslys, ætlaði aldrei að hleypa af,“ skrifaði maðurinn á Facebook-síðu sína að morgni laugardags. Lauk hann færslunni á að biðja sína nánustu að fyrirgefa sér. Síðunni var síðar lokað. – smj / sjá síðu 4

### Engin árshátíð vegna WOW

**VINNUMARKAÐUR** „Starfsfólkið er auðvitað fúlt yfir því að missa af ferðinni en hér er samt sem áður góð stemning,“ segir Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnuálastofnunar. Hætta þurfti við árshátíðarferð stofnunarinnar vegna gjaldþrots WOW air. Bæði hefur mikið álag verið á starfsfólki vegna falls WOW þegar ríflega þúsund manns urðu skyndilega atvinnulaus og þá átti starfsfólk Vinnuálastofnunar flug út með félaginu. – bdj / sjá síðu 2



Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnuálastofnunar

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímsson saknar kyrrðarinnar á Íslandi. **9**



**SPORT** Valur braut blað í íþróttasögunni. **13**

**MENNING** Dómur um Spor – barnadanssýningu. **18**

**LÍFID** Blúsgoðsagnir og blússandi stemming á Hilton. **22**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**SÓMA LANGLOKA OG GOS FRÁ ÖLGERÐINI 599 KR.**

**SÓMA SAMLOKA OG GOS FRÁ ÖLGERÐINI 499 KR.**

**Iceland**

**Betolvex B-12**

Betolvex 1 mg cyanocobalamin.

Fæst án lyfseðils

Actavis




Þessir plokkarar við Vesturlandsveg stóðu sig sem hetjur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Plokkuðu ruslið sem aðrir henda

Stóri plokkgalurinn í gær fór fram úr björtustu vonum og væntingum. Viða við þjóðvegi og umferðaræðar mátti sjá hópa fólks sem umhugað er um nærumhverfi sitt taka til sinna ráða og tína upp rusl. Magnið sem sótt var í íslenska náttúru var að sögn kunnugra lygilegt. Ágæt áminning um að það sem við hendum frá okkur fuðrar ekki endilega upp, nema síður sé.



Hvert sem lítið var mátti sjá plokpara með pokafylli af rusli sem endaði í náttúrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Af nógu var að taka og hundruð poka fullra af rusli afraakstur dagsins.

## Veður



Vaxandi austlæg átt, 13-18 m/s í kvöld og nótt með rigningu, en 18-23 syðst. Hægari vindur og úrkomuminna um landið norðanvert. Suðaustan 5-10 í dag.

**SJÁ SÍÐU 16**



Kannabis er ræktað í miklum mæli hér. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

## Íslenskt gras í útrás erlendis

**DÓMSMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur vísbendingar um að kannabisefni séu framleidd til útflutnings hér á landi. Um árabíl hefur íslenski maríjúanamarkaðurinn verið sjálfbær og innflutningur á hassi nær enginn. Nú virðist vera eftirspurn eftir íslensku grasi.

Karlmaður var nýverið sakfelldur í Héraðsdómi Austurlands fyrir vörslu á tæpum fjórum kílóum af kannabisefnum, ætluðum til sölu og dreifingar. Efnin fundust við leit í brottfararafgreiðslu Norrænu á leið til Færeyja.

Af dóminum er ljóst að litið er svo á að maðurinn hafi ætlað sér að selja efnin erlendis. Þótt heimilt sé að ákæra menn fyrir útflutning,

# 4 kg

af kannabis hugðist maðurinn flytja út.

er það sjaldnast gert, enda teljast menn ekki hafa fullframið slíkt brot ef komið er í veg fyrir útflutninginn. Var maðurinn því aðeins ákærður fyrir vörslu.

Í svari lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við fyrirspurn Fréttablaðsins segir einnig að Ísland sé viðkomustaður efna, þar á meðal hass, sem senda eigi áfram til annarra landa. – aa

## Lífi blásið í Hörpu



Stórsvéit Reykjavíkur stóð fyrir árlegu Stórsvéitamaraboni á Alþjóðlega djassdeginum í Hörpu í gær. Að vanda bauð Stórsvéitin til sín yngri og eldri stórsvéitum landsins en þetta er í 21. sinn sem marabonið er haldið. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg en á annað hundrað flytjendur komu þar fram. Þegar ljósmyndari Fréttablaðsins kom að varð ekki annað séð en að viðstaddir skemmtu sér vel. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

## Ingveldur Geirsdóttir látin

Ingveldur Geirsdóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, lést á föstudag eftir nokkurra ára baráttu við krabbamein, 41 árs að aldri. Hún skilur eftir sig tvö börn, eiginmann og þrjú stjúpbörn.

Ingveldur var 37 ára og gengin fjóra mánuði með sitt annað barn sitt þegar hún greindist með brjóstakrabbamein og talaði opinskátt um bæði veikindi sín og meðferðina.

Ingveldur hóf störf á Morgunblaðinu árið 2005 og starfaði á blaðinu þar til hún lést.

Ingveldur gegndi trúnaðarstörfum fyrir Bládamannafélag Íslands, var í varastjórn félagsins frá 2014-2015 og síðan í aðalstjórn frá 2015-2019. – smj



# Aukið álag og engin árshátíð vegna WOW

Afleiðingar gjaldþrots WOW air teygja anga sína víða. Hætt hefur verið við árshátíðarferð starfsfólks Vinnumálastofnunar, sem fara átti fram erlendis, vegna gjaldþrots flugfélagsins. Starfsfólkið svekkt en stendur þó þétt saman.

**VINNUMARKAÐUR** Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir ástæðu þess að hætt var við árshátíðarferð stofnunarinnar vera bæði aukið álag ásamt því að fljúga átti út með WOW air. Starfsfólkið átti að sögn Unnar bókað flug út með WOW air en heim með öðru flugfélagi. Hún segir að þrátt fyrir að líklega hefði verið hægt að koma fólkinu á leiðarenda hafi tímasetningin ekki hentað vegna mikilla anna. Ferðina átti að fara um liðna helgi.

Mikið álag hefur verið á starfsfólki Vinnumálastofnunar vegna gjaldþrots WOW air en í byrjun mánaðarins höfðu stofnuninni borist um 700 umsóknir um atvinnuleysisbætur frá fyrrverandi starfsfólki flugfélagsins.

„Þegar svona gerist þá þarf að tryggja að allir sem eiga bótarétt fái greiðslur sem fyrst og núna um mánaðamótin eru að koma greiðslur til þeirra. Það fylgir því heilmikil vinna,“ segir Vilmar Pétursson, mannaúdsstjóri Vinnumálastofnunar. Hann segir að vegna þessa hafi ferðinni verið aflýst og bætur við að starfsfólk stofnunarinnar hafa verið svekkt til að byrja með en sé þó sammála um að rétt ákvörðun hafi verið tekin.

Starfsfólk Vinnumálastofnunar hafði hugsað sér að ferðast til Rotterdam í Hollandi og skemmta sér saman en Unnur segir að gjaldþrot WOW air hafi sett strik í reikninginn.

„Það sem við höldum að yrði venjulegur aprílmánuður þegar við skipulögðum ferðina varð að einhverju allt öðru. Það er miklu meira að gera hér en vanalega. Starfsfólkið er auðvitað fult yfir því að missa



Mikið álag fylgdi falli WOW air en þar að auki þurfti að blása af árshátíð stofnunarinnar því starfsfólk átti flug með félaginu. FRÉTTABLAÐID/JÓHANNA

**Starfsfólkið er auðvitað fult yfir því að missa af ferðinni en hér er samt sem áður góð stemning.**

Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar



af ferðinni en hér er samt sem áður góð stemning, starfsfólkið stendur saman og skilur aðstæður.“ Unnur segir alla starfsmenn hafa fengið ferðina endurgreidda að

fullu en starfsfólk fjármagnaði ferðina sjálf.

Vilmar tekur undir orð Unnar og segir stemninguna á vinnustaðnum góða. „Það er svolítið skrítið að þegar það þurfa allir að leggjast á eitt þá verður stemningin oft góð, þó að það sé brjálað að gera.“

Unnur og Vilmar segja mikilvægt að sýna starfsfólkinu þakklæti fyrir vel unnin störf og að stefnt sé að því að skipuleggja aðra ferð sem farin verði við betri aðstæður. Einnig segja þau það vera á stefnu-skránni að halda vorkonaferð í maí þar sem starfsfólkið gerir sér gláðan dag og fagnar saman vorinu.

**birnadrofn@frettabladid.is**

## Er ferðavagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR**

**TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

# Hitta vinina? Hoppaðu upp í Polo!




## Meira afl og aukinn eldsneytissparnaður í nýjum Polo.

Stærra innanrými, ný vélartækni og frábært upplýsinga- og afþreyingarkerfi gera allar bílferðir að skemmtireisum í nýjum Volkswagen Polo. Þú getur valið um fjölmörg aðstoðarkerfi og búnað svo að þinn Polo verði nákvæmlega eins og þú vilt hafa hann. Komdu og náðu þér í nýjan Polo á sumartilboði. Hlökkum til að sjá þig!

**Volkswagen Polo**  
Trendline, beinskiptur, 5 gíra  
Sumartilboð  
frá **2.340.000** kr.



Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!  
[www.hekla.is/vwerslun](http://www.hekla.is/vwerslun)



Volkswagen

## Kosningastarfsfólk deyr í hundruðatali

**INDÓNESÍA** Rúmlega 270 starfsmenn indónesisku þing- og forsetakosninganna hafa látist úr ofreynslutengdum sjúkdómum. Þetta hafði breska ríkisútvarpið eftir Arief Priyo Susanto, talsmanni landskjörstjórnar, í gær. Einnig hafa 1.878 þurft að hverfa frá störfum vegna veikinda.

Kosningarnar voru fjölmennar. Alls greiddu um 80 prósent 193 milljóna atkvæðabærra Indónesíumanna atkvæði í kosningunum á

um 800.000 kjörstöðum. Þær sjö milljónir sem hafa komið að talningu atkvæða frá kosningunum 17. apríl hafa, samkvæmt BBC, þurft að vinna nótt sem nýtan dag í miklum hita. Atkvæði eru handtalin og hafa aðstæðurnar reynst of erfiðar fyrir þennan fjölda fólks.

Stór hluti þeirra sem telja atkvæði gerir það í sjálfbóðaliðastarfi. Ólíkt fastráðnum starfsmönnum þurfa sjálfbóðaliðar ekki að gangast undir lækni skoðun.

Kjörstjórn ætlar að greiða fjölskyldum hinna látnu 36 milljónir rúpía í skaðabætur, andvirði um 300.000 króna. Sú upphæð samsvavar um það við tólf mánuðum á lágmarkslaunum.

Opinberar niðurstöður forsetakosninga liggja ekki enn fyrir. Kannanir benda til þess að Joko Widodo hafi náð endurkjöri. Andstæðingurinn, Prabowo Subianto, telur að niðurstöður þeirra kannana séu alrangar. – þea



Á kjörstað í Banda Aceh fyrr í mánuðinum. NORDICPHOTOS/AFP

## Hermenn felldu fjölskylduna

**SRÍ LANKA** Faðir og tveir bræður Zahrans Hashim, meints höfuðpours hryðjuverkaárásanna á Srí Lanka á páskaðag, voru drepnir í áhlaupi srilanskra hermanna í gær.

Hashmim er sjálfur sagður hafa sprengt sig í loft upp á Shangri-La hótelinu í Colombo en hann stofnaði ófgasamtökin NTJ. Samtökunum hefur verið kennt um árásirnar og þar af leiðandi morðin á um 250 fórnarlömbum.

Malcolm Ranjith kardináli, erki-biskup af Colombo, hélt sjónvarpsmessu í gær þar sem hann fordæmdi árásirnar harðlega. – þea

## Þrír Bretar settir í farbann

**LÖGREGLUMÁL** Þrír erlendir karlmenn voru úrskurðaðir í farbann í vikunni sem leið en þeir eru grundaðir um ofbeldisbrot á höfuðborgarsvæðinu. Þetta staðfestir Margeir Sveinsson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Fallist var á kröfu lögreglunnar um farbann en annarri um gæsluvarðhald yfir mönnunum var hafnað. Farbannið er í gildi til fimmtudagsins 2. maí. Margeir gefur ekkert upp um sakarefnið né þjóðerni manna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um þrjá Breta að ræða sem ekki hafa búsetu hér á landi. – dfb

## FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Hinir tveir grunuðu í Mehamn verða leiddir fyrir dómara í dag

Íslendingarnir tveir sem handteknir voru í tengslum við morðið á Gísla Þór Þórarinssyni í Mehamn í Noregi mæta fyrir dómara í dag. Lögregla krefst gæsluvarðhalds yfir þeim báðum. Lögregla var kölluð út á laugardagsmorgun eftir að skothvellur heyrðist. Mennirnir tveir voru handteknir skömmu síðar.

**NOREGUR** Íslendingarnir tveir sem liggja undir grun vegna morðsins á Gísla Þór Þórarinssyni í Mehamn um helgina verða leiddir fyrir dómara í dag. Þar mun lögregla krefjast fjögurra vikna gæsluvarðhalds yfir hálfbróður Gísla Þórs, sem sakadur er um morðið, en vikulangs gæsluvarðhalds yfir hinum manningnum. Sá er grunaður um aðild að morðinu.

Vidar Zahl Arntzen, lögmaður þess sem grunaður er um morðið, sagði í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins í gær að hann hefði hitt skjólstæðing sinn. Hann vildi þó ekki tjá sig frekar um málið að svo stöddu. Ekki hafði tekist að yfirheyra hálfbróðurinn í gær þar sem hann krafðist þess að bæði lögmaður hans og túlkur yrðu viðstaddir yfirheyrslu, að því er norska ríkisútvarpið greindi frá.

Áður hefur komið fram að maðurinn sem grunaður er um morðið skrifaði í færslu á Facebook að hann hefði framið „svívirðilegan glæp sem ætti eftir að elta hann alla ævi“. Hann hefði ekki ætlað að „hleypa af“. Jens Bernhard Herstad, lögmaður þess sem grunaður er um aðild að morðinu, sagði við norska miðilinn VG að maðurinn hefði verið yfirheyrður og útskýrt aðild sína. Sá neitar alfarið sök og aðild að morðinu.

Mehamn er lítið, 779 manna byggðarlag í Gamvik í Finnörku, nyrst í Noregi. Lögregla var kölluð út á heimili í bænum að morgni laugardags eftir tilkynningu um að skoti hefði verið hleypt þar af. Þegar lögregla kom á staðinn er Gísli Þór



Mehamn er rólegur, litill bær á norðurströnd Noregs. NORDICPHOTOS/AFP

» Fjögurra vikna gæsluvarðhalds er krafist yfir hálfbróður fórnarlambins en einnar viku yfir hinum manningnum.

sagður hafa verið alvarlega slasaður. Endurlífgunartilraunir báru ekki árangur og lést hann af sárum sínum. Sérsvéit lögreglu handtók Íslendingana tvo stuttu síðar eftir að tilkynnt var um að bíll hefði fundist úti í skurði í Gamvik.

Norska lögreglan greindi frá því í gær að hálfbróðirinn hefði áður haft í hótunum við fórnarlambið. Þann 17. apríl var hinum grunaða gert að sæta nálgunarbanni.

Að því er Anja M. Indbjør sak-sóknari sagði við norska ríkisútvarpið ætlar lögregla að yfirheyra báða mennina í vikunni. „Það á eftir að gera ítarlega og tæknilega rannsókn. Þessi tæknilega rannsókn verður í höndum réttarlæknisfræðinga hér í Finnörku auk þess sem þeir munu njóta aðstoðar rannsóknarlögreglumanna frá Kripos,“ sagði Indbjør aukinheldur. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

# NÝR RAM 3500 2019

ramisland.is



FRUMSÝNDUR UM MIÐJAN MAÍ

ÍSABAND  
ÍSLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM  
UMBODSADILI RAM Á ÍSLANDI



# Walk-in N

Öryggi og vellíðan

Stilhrein sturta.  
Sturtubotn fánlegur í  
mörgun stærðum og litum.  
Sturtuveggur með væng,  
8mm hert öryggisgler.

Opið virka daga frá 9 til 18  
laugardaga 11 - 14  
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**



- fyrir þitt heimili



WWW.BILALAND.IS

# Yfirfarnir bílar á góðu verði

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.  
Bílar okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



Rnr. 145767

**RENAULT Kadjar Zen 4wd**  
Nýskr. 06/17, ekinn 22 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.790.000 kr.



Rnr. 430333

**VW Golf Trendline**  
Nýskr. 06/17, ekinn 80 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 2.190.000 kr.



Rnr. 391633

**RENAULT Talisman Zen**  
Nýskr. 08/18, ekinn 11 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.990.000 kr.



Rnr. 391799

**PEUGEOT 2008 Allure**  
Nýskr. 08/17, ekinn 20 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.590.000 kr.



Rnr. 121683

**HYUNDAI Tucson Comfort**  
Nýskr. 01/18, ekinn 74 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.090.000 kr.



Rnr. 391803

**DACIA Duster Comfort 2wd**  
Nýskr. 05/18, ekinn 5 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.390.000 kr.



Rnr. 430315

**NISSAN Note Acenta**  
Nýskr. 11/15, ekinn 39 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 1.890.000 kr.



Rnr. 145780

**RENAULT Captur Intens**  
Nýskr. 10/15, ekinn 47 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 2.290.000 kr.



Rnr. 391602

**SUBARU Outback Premium Eyesight**  
Nýskr. 05/16, ekinn 73 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.790.000 kr.



Rnr. 145763

**KIA Sportage EX 4wd**  
Nýskr. 05/16, ekinn 90 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.490.000 kr.

## TILBOÐSBÍLAR Valdir bílar á einstöku tilboðsverði. Fyrstur kemur - fyrstur fær!

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árið er hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtaöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

**Lykill**  
fjármögnun



AFSLÁTTUR  
500.000 KR.

Rnr. 400295

**VW Golf sportsvan Trendline**  
Nýskr. 05/16, ekinn 59 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 2.290.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**1.790.000 kr.**  
23.568 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
400.000 KR.

Rnr. 145396

**HYUNDAI i30 Classic**  
Nýskr. 04/15, ekinn 63 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 1.790.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**1.390.000 kr.**  
18.388 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
700.000 KR.

Rnr. 145359

**NISSAN Qashqai N-Connecta 4wd**  
Nýskr. 04/17, ekinn 37 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.890.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**3.190.000 kr.**  
41.698 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
500.000 KR.

Rnr. 145333

**RENAULT Megane IV Zen**  
Nýskr. 05/18, ekinn 25 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 2.990.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**2.490.000 kr.**  
32.633 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
700.000 KR.

Rnr. 145183

**HYUNDAI ix35 Comfort**  
Nýskr. 06/15, ekinn 64 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.190.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**2.490.000 kr.**  
32.633 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



www.bilaland.is  
www.facebook.com/bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 alla virka daga  
og laugardaga frá kl. 12-16

✓ Ástandsskoðun  
✓ Ný vetrardekk

✓ Allt að 80% lán  
✓ Fjármögnun á staðnum

Bilaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík  
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**bilaland**



## Svívirða



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is


**A**ldrei skyldi vanmeta getu einstaklinga til að verða sér til skammar. Einmitt þegar vel meinandi sálir stóðu í þeirri trú að Klaustursþingmenn hefðu ákveðið að hlífa þjóðinni við frekari upphlaupum og halda sér til hlés, þá ákváðu þeir að blása til enn einnar sóknarinnar. Hér eru á ferð þingmenn sem sannarlega eru ekki uppiskroppa með hugmyndir þegar kemur að því að réttlæta sjálfa sig í máli þar sem engin réttlæting finnst – önnur en sú að þeir voru blindfullir. Nýjasta útspilið var að krefjast upplýsinga um greiðslur inn á bankareikning Bárú Halldórsdóttur. Þetta gerðu þeir sennilega í þeirri von að það opinberaðist fyrir alþjóð að einhverjir af hinum mörgu andstæðingum Miðflokksins, sem þingmennirnir telja hafa hreiðrað um sig í hverju horni, hafi gert Bárú út til að njósna um þá á bar og greitt henni vel fyrir. Þetta hljómar eins og atburðarás í spæjaramynd, en þar tíðkast reyndar ekki að leggja summur inn á bankareikning því þær má auðveldlega rekja, heldur er njósnaðum afhent þykkt umslag.

Bára hefur greinilega mikið langlundargeð því um leið og fréttist af kröfu þingmannanna opnaði hún heimilisbókhald sitt. Vitanlega sjást þar engar grunsamlegar greiðslur frá pólitískum andstæðingum Miðflokksins. Eina upplýsingarnar sem má greina þar eru þær sem allir vita af, sem sagt að það er ekki auðvelt að eiga í sig og á verandi öryrki á Íslandi. Þingmönnum stendur víst á sama um það. Sjálfsagt telja þeir nú að greiðslur til Bárú hafi einmitt farið fram eins og í spæjaramyndunum, henni hafi verið afhent þykkt umslag fyrir framlag sitt til njósnastarfssemi. Af hyggjuviti sínu hljóta þeir að álykta að sú gjörð hafi farið fram á afviknum stað og því ekki náðst á myndband, sem er vissulega óheppilegt fyrir þá. Næsta skref hlýtur að vera að rannsaka síma Bárú og lesa þau sms-skilaboð sem hún hefur sent og fengið, ásamt því að kanna í hverja hún hringdi og hverjir hringdu í hana.

Það er ótalmargt fáránlegt í máli Klaustursþingmannanna og með því óskiljanlegasta er að enginn þingmannanna fjögurra skuli hafa skynsemi til að stíga fram og segja hátt og snjallt við félagasina: Nú er nóg komið! Hér með hættum við öllum samsæriskeningum, tókum ábyrgð og hneigjum höfuð okkar í skömm. Enginn þingmannanna hefur brugðist við á þennan hátt. Einhver þeirra hlýtur samt að búa yfir nægri skynsemi til að átta sig á því að atlögur þeirra að Bárú eru svívirða. Samt er haldið áfram eins og ekkert sé. Ástæðan hlýtur að vera sú að einungis ein rödd er ráðandi í Miðflokki, rödd Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, en í hugarheimi hans virðist alltaf nægt rými fyrir samsæriskeningar. Í blindri hollustu við formanninn fylgja þingmennirnir honum í forkastanlegri vegferð þar sem spjótum er beint að öryrkja.

Er virkilega enginn réttlátur í nánasta umhverfi þessara þingmannanna sem er fær um að leiða þeim fyrir sjónir hversu fyriritleg aðför þeirra að Bárú Halldórsdóttur er?

## Halldór



## Frá degi til dags

**Friðardúfan fljúgandi**  
Íslendingar urðu margir stóreygir í liðinni viku þegar upplýst var að atvinnuforsetaframbjóðandinn Ástþór Magnússon væri að baki vefsíðunni FlyIcelandic.is. Síðan tekur nú við áheimum frá almenningi í von um að stofna nýtt lággjaldaflugfélag. Friðardúfan Ástþór eygir nú þann langþráða draum að bjarga íslensku þjóð í eitt skipti fyrir öll með því að leysa WOW air og Skúla Mogensen af hólmi.

**Aflraunamenn ranghugmynda**  
Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá segjast forráðamenn FlyIcelandic hafa safnað 160 milljónum í áheimum fyrstu tveimur sólarhringunum. 348 einstaklingar og fyrirtæki hafa lagt nafn sitt við þessi áheimum og ljóst að reka mætti flugfélag í hartnær fyrripart úr degi fyrir þá upphæð. Og efflugfélagsdraumur Ástþórs var ekki nógu óskiljanlegur þá er hugmyndin um að blanda þar einhverju rafmyntkerfi í málin aðeins á færi einstaka strokufanga og Pirata að skilja.

Að því sögðu þá er þetta kapphlaup hótelsþjóra og annarra aflraunamanna í ranghugmyndum við að stofna næsta alþýðu-WOW sannkölluð veisla að fylgast með fyrir hina vantrúuðu sem fullir efasemda reyna að skilja hina drengslegu bjartsýni frumkvöðulsins. Skúli hlýtur að skjálfa. mikael@frettabladid.is

## Forræðið er Íslendinga



Njáll Trausti Friðbertsson  
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

**U**mræðan um þriðja orkupakkann tekur á sig hinar ýmsu myndir. Sem dæmi hafa sumir stjórnmálamenn dregið upp þá mynd að innleiðingin feli í sér að ákvörðun um lagningu sæstrengs verði ekki lengur á forræði Íslands. Staðhæfing þessara stjórnmálamanna er einfaldlega röng og gefur tilefni til leiðréttingar.

Ekkert í þriðja orkupakkanum skuldbindur Ísland til að leggja sæstreng til meginlands Evrópu en slík ákvörðun verður á forræði Íslands.

Íslensk stjórnvöld hafa nú lagt fram þingsályktunartillögu vegna þriðja orkupakkans sem tekur af öll tvímæli um að lagning sæstrengs verður ávallt háð samþykki Alþingis. Áður en til slíks samþykkis kæmi þyrfti Alþingi þá jafnframt að endurskoða lagagrundvöll þriðja orkupakkans. Þannig er búið um hnútana að ákvæði þriðja orkupakkans varðandi tengingu yfir landamæri, s.s. með sæstreng, koma ekki til framkvæmda fyrr en að slíkri endurskoðun lokinni.

Loks hefur ráðherra orkumála lagt fram frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum annars vegar og þingsályktunartillögu um breytingu á þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku hins vegar.

Í breytttri þingsályktun er sérstaklega kveðið á um að ekki verði ráðist í tengingu raforkukerfis í gegnum sæstreng nema að undangengnu samþykki Alþingis. Þess er sérstaklega getið að samþykki verði að liggja fyrir áður en framkvæmdir sem varða sæstreng geti farið á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar.

Þessum aðgerðum er ætlað að draga ramma í kringum flutning raforku frá Íslandi til meginlands Evrópu og tryggja að undir engum kringumstæðum verði lagður hingað sæstrengur án aðkomu íslenskra stjórnvalda. Það er engum vafa undirorpið að lagning sæstrengs verður ávallt á forræði íslenskra stjórnvalda og þannig þjóðarinnar. Allt tal um annað er staðleysa.

Það er skiljanlegt að fólk hafi áhyggjur af ýmsu sem tengist þriðja orkupakkanum – enda stórt mál. Hins vegar er mikilvægt að umræðan byggist á staðreyndum. Það á bæði við um í vinnu þingsins og í samfélaginu öllu.



Í blindri hollustu við formanninn fylgja þingmennirnir honum í forkastanlegri vegferð.

## Aðalfundur

Samtaka lungnasjúklinga



Aðalfundur Samtaka lungnasjúklinga verður haldinn  
mánudaginn 13. maí klukkan 17:00 í SÍBS húsinu að  
Síðumúla 6.

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum samtakanna.  
Önnur mál.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin.

# Póstkort heim

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Nú hef ég verið á ferðalagi með konu minni og börnum frá því í janúar um lönd Mið- og Suður-Ameríku. Þessa stundina erum við í Perú á leiðinni til Bólivíu. Við seldum bílinn, leigðum íbúðina og kýldum á það. Við höfum aldrei ferðast svona lengi. Hver er með sinn bakpoka. Ein af uppgötvunum ferðarinnar er sú hversu einfalt það er að lifa með lítið. Maður þarf í rauninni ekki baun, svona frá degi til dags.

Auðvitað hafa verið ort mörg ljóð og skrifaðar margar sögur um það hvernig ferðalög fólks eru alltaf líka ferðalög hugans. Í raun veit maður ekki hvernig langt ferðalag mun breyta þankaganginum og sýninni á lífið, ekki frekar en maður veit hvað bíður manns á áður ókönnuðum stöðum. Sérhvert ferðalag er þannig óvissuferð bæði inn á við og út á við.

## Þrjár uppgötvunir

Áður en við lögðum af stað hugsaði ég svolítið um það hvernig kynnin af öllum þessum fjarlægum löndum myndu breyta sýn minni á heimahagana. Tilhneigingin til að spegla aðra menningu í sinni eigin er sterk. Í sólarlandaferðum síðustu aldar fór þessi samanburður yfirleitt þannig fram að fólk skrifaði póstkort heim til Íslands og greindi frá því með tíu upphrópunarmerkjum að áfengi væri fáránlega ódýrt á Spáni og að maður þyrfti ekki að vera í peysu. Það væri heitara úti en inni.

Núna er þjóðin veraldarvanari — allir eru á flandri — og uppgötvunir um áfengisverð og veðurfar þykja ekki merkilegar. Trúr þessari gömlu póstkortahæfð finnst mér þó víðeigandi að

skrifa kort heim og segja frá því hvað ég hef uppgötvað hingað til um Ísland og veröldina. Hér er þrennt:

## Á Íslandi er þögn

Í Mið- og Suður-Ameríku eru endalaus hljóð úti um allt. Óskurapar vekja mann með andfælum á næturnar. Hundar gelta. Hanar gala. Skritin skordýr gefa frá sér hljóð sem er eins og hátíðni-keðjusög. Fólk í Kólumbíu hlustar á tónlist eins og hækka/lækka takkar landsins séu allir fastir á hæsta. Heyrnartöl eru ekki mikið tekin í álfunni. Óskubílar eru með hátalara á sér og blasta einhvers konar teknósalsa í botni klukkan sex á morgnana. Ókumenn í Perú virðast algjörlega sannfærðir um það að umferðin muni ekki fara áfram nema þeir flauti hressilega. Morgnarnir eru eitt allsherjar flautubrjálæði.

Maður á ekki að venjast þessu. Þegar ég hugsa um Ísland í þessum samanburði heyrir ég lágvært blístur í gnaðandi vindi. Mögulega regn á bárujárnspaki. Kannski fréttastefið í nálægri íbúð. Klukkutífa á vegg. Lítið meira. Einhvern tímann heyrði ég í Vesturbænum nið frá bassa á Gay Pride. Og jú, ég hef heyrt hund gelta. En ef einhver í Vesturbænum væri með hana úti í garði sem gólaði frá þrjú til fimm á næturnar, héldi óskurapa, fimm brjálæða villihunda og hengdi teknógræjur utan á óskubílinn, er ég nokkuð viss um að allt yrði snælduvitlaust í Vesturbæjargrúppunni.

## Lifi byltingin

Leigubílstjórar í Mið- og Suður-Ameríku eru margir miklir grallaraspóar.



Þeir vita oft ekki hvar göturnar eru. Eiga yfirleitt ekki skiptimynt. Yppta öxlum yfir skorti á öryggisbeltum. Hótelrekendur eru haldnir svipuðum tilhneigingum. Þeir auglýsa fyrirtaks-herbergi á bókunarsíðum, en svo fær maður auðvitað ekki það herbergi við komuna, heldur litla kompu við hliðina á loftræstikerfinu með útsýni á múrvegg. Í veröld hinna gömlu og hverfandi viðskiptahátta skiptir ánægja neytandans ekki næstum því jafnmiklu máli og hún gerir í því umhverfi sem bilapöntunarappið Uber og leiguappið Airbnb hafa skapað. Á ferð okkar höfum við notað þessi undur óspart, til einföldunar og þæginda. Á Íslandi ríkir mun meiri tortryggni gagnvart Uber og Airbnb en hér suður frá. Uber er beinlínis bannað. Hitt má helst ekki. Stjórnvöld og hagsmunaaðilar hafa sameinast um að gera þessum nútímaþjónustuháttum sem lægst undir höfði, enda stórhættulegt að neytendur geti pantað og notið þjónustu á einfaldan

hátt, vitað hvað þeir fá og gefið svo dóma á eftir. Hvað þá að þjónustan sé persónuleg, eignum sé deilt og að fólk kynnist jafnvel. Á Íslandi ráða þursar of miklu. Hræddir við nútímann. Þeir eru spenntari fyrir stórskipahöfn í Finna-firði en möguleikum deilihagkerfisins.

## Mannkyn eitt

Ein uppgötvun er þó öðrum fremri hingað til. Við höfum kynnst því að fólk er almennt gott. Þótt böll sé víða lifir kærleikurinn. Það er líka eitthvað magnað við það að ferðast heimshorna á milli og uppgötva að áhugamálin og húmorinn er sá sami. Fólk er að horfa á sömu þættina á Netflix og ég.

Og súpan sem við sitjum öll í er líka sú sama: Jökullinn á hinu fræga eldfjalli Cotopaxi er líka að hverfa, rétt eins og ísinn á Snæfellsjökli. Fólkinu í Ekvador finnst það alveg jafnhæðilegt. Spurningin sem blasir við, hún sameinar mannkyn: Hvað ætlum við að gera í því?



Við höfum kynnst því að fólk er almennt gott.

Beltone Trust™

# Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Sandra Erlingsdóttir, leikstjórnandi Vals, stýrði sóknarleiknum af miklum myndarbrag og skoraði fjögur mörk í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Valur vann allt sem í boði var

Valur er þrefaldur meistari í handbolta kvenna en liðið lagði Fram að velli 3-0 í úrslitaviður-eign Olisdeildarinnar. Íris Björk Simonardóttir lokaði marki Vals í leikjunum þremur og var valin leikmaður úrslita-keppninnar.

**HANDBOLTI** Valur vann Fram 25-21 í þriðja leik liðanna í úrslitum Olisdeildar kvenna í handbolta í Origo-höllinni að Hlíðarenda í gær. Þar með höfðu Valskonur betur 3-0 í rimmu liðanna um Íslandsmeistaratilinn og 17. titilinn í höfn hjá Hlíðarendaliðinu. Hlutverkin snérust því við frá því í fyrravor þegar Fram bar siguroð af Val og varð Íslandsmeistari.

Valur er þrefaldur meistari en



liðið vann Fram sömuleiðis í bikarúrslitum og varð deildarmeistari eftir baráttu við Fram í allan vetur. Lovisa Thompson, Morgan Marie Þorkelsdóttir og Sandra Erlingsdóttir voru markahæstar hjá Val með fjögur mörk hver.

Ad öðrum ólöstuðum var hins vegar Íris Björk Simonardóttir fremst á meðal jafningja en hún, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir og Gerður Arinbjarnar mynduðu þéttan varnarmúr sem Fram átti í miklum erfiðleikum með að brjóta niður.

Íris Björk varði um og yfir 20 skot í leikjunum þremur og hún, þétt vörn Valsliðsins og agaður og góður sóknarleikur urðu til þess að Fram náði ekki að verja titil sinn og bikarinn verður á Hlíðarenda næsta árið hið minnsta.

„Þetta er algjörlega geggjuð tilfinning og eitthvað sem ég gæti klárlega vanist. Þó svo að ég hafi gert þetta áður þá er sú stund þegar þetta er í höfn alltaf jafn innileg. Umgjörðin í þessum leik var líka alveg einstök og ég man ekki jafn mikilli stemmingu á handbolta-leik. Studningsmenn okkar voru algerlega frábærir og þeir eiga mikið hrós skilið,“ sagði Íris Björk í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn.

Íris Björk var hætt handbolta-íðkun en tók fram skóna á nýjan leik síðasta haust og það munaði svo sannarlega um hana í Valsmarkinu. Hún varði mikilvæga bolta á loka-kafli leiksins sem hjálpuðu liðinu að hafa betur í leiknum og sigla titlinum í höfn.

„Mér fannst við ofboðslega góðar í þessu einvígi og við mættum mjög



●● Þetta er algjörlega geggjuð tilfinning og eitthvað sem ég gæti klárlega vanist.

Íris Björk Simonardóttir

einbeittar til leiks í þennan leik. Fyrir utan fyrsta leikinn þar sem við unnum frekar sannfærandi voru þetta samt hörkuleikir sem hefðu getað endað hvorum megin sem var. Sem betur fer náðum við að kreista fram sigra og mér fannst Ágúst [Jóhannsson] klókur í þessum leikjum. Hann sá til þess að við vorum með gott leikplan og svör við því sem Framliðið var að gera,“ sagði Íris Björk enn fremur.

„Við fundum það svona þegar tók að vora að við værum með mjög öflugt lið sem gæti klárlega barist um alla þrjá titla sem í boði voru. Við vissum alveg að það yrði erfitt en alveg vel raunhæft. Við settum stefnuna á það og höfum spilað frábærlega undanfarnar vikur og mér finnst við hafa sýnt það að við séum með besta lið landsins, allavega á þessum tímamarki,“ sagði hún um spilamennsku Vals í úrslita-keppninni. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

### Nýjast

Pepsi-deild karla



**Valur - Vikingur 3-3**

0-1 Nikolaj Hansen (19.), 1-1 Emil Lyng (55.), 1-2 Logi Tómasson (74.), 2-2 Birkir Már Sævarsson (81.), 2-3 Sölvi Geir Ottesen (87.), 3-3 Gary John Martin (89.).

**ÍBV - Fylkir 0-3**

0-1 Ásgeir Eyþórsson (40.), Sigurður Arnar Magnússon (sjálfsmark) 45.), 0-3 Sam Hewson (57.).

**Grindavík - Breiðablik 0-2**

0-1 Aron Bjarnason (62.), 0-2 Kolbeinn Þórðarson (90.).

**FH - HK 2-0**

1-0 Jónatan Ingi Jónsson (9.), Brandur Hendriksson Olsen (65.).

**ÍA - KA 3-1**

1-0 Tryggvi Hrafn Haraldsson (33.), 2-0 Viktor Jónsson (40.), 1-2 Hallgrímur Mar Steingrímsson (45.), 3-1 Tryggvi Hrafn Haraldsson (58.).

**Stjarnan - KR 1-1**

1-0 Hilmar Árni Halldórsson (vítaspyrna) (45.), 1-1 Pálmi Rafn Pálmason (vítaspyrna) (50.). Rautt spjald: Aron Bjarki Jóseppson (KR) (45.).

## Sóley setti heimsmet

**KRAFTLYFTINGAR** Sóley Margrét Jónsdóttir kraftlyftingakona sem er fædd árið 2001 varð í gær Evrópumeistari í +84 kg flokki stúlkna í kraftlyftingum. Auk þess að verða Evrópumeistari setti Sóley Margrét heimsmet stúlkna í hnébeygju er hún lyfti 265,5 kílóum.

Sóley bætti heildarárangur sinn um 20,5 kg en hún var nálægt því að lyfta 217 kg í réttstöðu sem hefði fært henni heimsmet líka í sam-löðu.

Sóley lyfti 265,5 kg í hnébeygju, 155 kg í bekkpressu og 200 kg í réttstöðulyftu, samanlagt 620,5 kg og vann gullverðlaun í öllum greinum og tryggði sér titilinn örugglega. – hó



Hilmar Örn bætti 11 ára gamalt met.

## Hilmar bætti Íslandsmet


**FRJÁLSAR ÍBROTTLIR** Hilmar Örn Jónsson úr FH bætti í gær Íslandsmet karla í sleggjukasti. Hilmar Örn kastaði sleggjunni 75,26 metra úti í Bandaríkjunum og bætti þar með ellefu ára gamalt met Bergs Inga Péturssonar sem var 74,48 metrar.

Hilmar Örn stundar nám og keppir í sleggjukasti fyrir University of Virginia. Hann byrjaði tímabilið frábærlega í byrjun apríl þegar hann kastaði sleggjunni 72,21 metra á sínu fyrsta móti.

Það var lengra en hann kastaði allt árið 2018 og rétt frá hans fyrri besta árangri frá árinu 2017 sem var 72,38 metrar.

Fyrir svo rúmri viku bætti Hilmar Örn sinn besta árangur þegar hann kastaði 73,13 metra. Hilmar Örn byrjaði tímabilið því mjög vel og voru þessi tvö mót svo sannarlega góður fyrirboði fyrir það sem koma skyldi. – hó

## Varmadælar & loftkæling



- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
  - Fyrir norðlægur slóðir
  - Fjarstýring fylgir
  - Virkar niður í -30°C
- Verð frá aðeins kr. 145.000 m.vsk
- Midea KMB-E09  
Max 3,4 kW  
2,65 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,85)  
f. íbúð ca 40m<sup>2</sup>.

Umhverfisvænn kælimiðill



Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Skál fyrir hollustu





## Enska úrvalsdeildin

Úrslit 36. umferðar 2018-19

**Tottenham - West Ham 1-0**  
0-1 Michail Antonio (67.).

**Crystal P. - Everton 0-0**

**Fulham - Cardiff 1-0**  
1-0 Ryan Babel (79.).

**S'hampton - Bournem. 3-3**  
1-0 Shane Long (12.), 1-1 Dan Gosling (20.),  
1-2 Callum Wilson (32.), 2-2 James Ward  
Prowse (55.), 3-2 Matt Targett (67.), 3-3  
Callum Wilson (86.).

**Watford - Wolves 1-2**  
0-1 Raul Jimenez (41.), 1-1 Andre Gray (49.),  
1-2 Diogo Jotam (77.).

**Brighton - Newcastle 1-1**  
0-1 Ayoze Perez (18.), 1-1 Pascal Gross (75.).

**Leicester - Arsenal 3-0**  
1-0 Yuri Tielemans (59.), 2-0 Jamie Vardy  
(86.), 3-0 Jamie Vardy (90.).

**Burnley - Man.City 0-1**  
0-1 Sergio Agüero (60.).

**Man.Utd - Chelsea 1-1**  
1-0 Juan Mata (11.), 1-1 Marcos Alonso (45.).

### Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	S
Man City	36	30	2	4	91
Liverpool	36	28	7	1	89
Tottenham	36	23	1	12	70
Chelsea	36	20	8	8	68
Arsenal	36	18	9	8	66
Man.Utd	36	19	8	9	65
Wolves	36	15	9	12	54
Leicester	36	15	6	15	51
Everton	36	14	8	14	50
Watford	36	14	8	14	50
West Ham	36	13	7	16	46
C. Palace	36	12	7	17	43
Newcastle	36	11	9	16	42
B'mouth	36	12	6	18	42
Burnley	36	11	7	18	40
S'ton	36	9	11	16	38
Cardiff	36	9	8	19	35
Fulham	36	9	4	23	31
H'field	36	7	5	24	26
Huddersf.	26	3	5	28	14

### Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi

**Everton**  
**Gylfi Þór Sigurðsson**  
Var í byrjunarliði Everton sem sóknartengiliður og var tekinn af velli á 84. mínútu þegar Everton gerði markalaust jafntefli við Crystal Palace. Gylfi Þór komst nokkrum sínum í fin færi til þess að skora en tókst ekki að finna netmóskvana.



**Burnley**  
**Jóhann Berg Guðm.**  
Kom inn á sem varanmður á 76. mínútu þegar Burnley beið lægri hlut gegn Manchester City með einu marki gegn engu. Þrátt fyrir tapið er Burnley hins veagr sloppið við fall úr deildinni þegar tvær umferðir eru eftir af deildarkeppninni.



**Cardiff City**  
**Aron Einar Gunnarsson**  
Lék fyrstum 87 mínúturnar þegar Cardiff laut í lægra haldi fyrir Fulham með einu marki gegn engu. Aron Einar átti finan leik inni á miðsvæðinu en það dugði ekki til þess að tryggja Cardiff City mikilvæg þrjú stig.



**Aston Villa**  
**Birkir Bjarnason**  
Sat á bekknum þegar Aston Villa gerði 1-1 jafntefli á móti Leeds United í ensku B-deildinni.



Manchester United og Chelsea þurftu að sætta sig við jafntefli þegar liðin áttust við á Old Trafford í gær í baráttu tveggja liða sem eru að freista þess að komast í

# Chelsea og Man. Utd færðust hænuferi frammar um helgina

Baráttan um sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta keppnistímabili er mjög spennandi. Liðin sem eru í þeirri baráttu áttu ekki góða helgi og mistókst tveimur þeirra að bæta stöðu sína umtalsvert.

**ENSKI BOLTINN** Fjögur lið berjast um að fylgja Manchester City og Liverpool í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktið. Alla jafna ættu fjögur efstu lið deildarinnar að fá þátttökurétt í Meistaradeildinni fyrir Englands hönd en góð frammistaða Tottenham Hotspur í Meistaradeildinni eða Arsenal og Chelsea í Evrópu-deildinni gæti orðið til þess að eitt-hvert liðanna sem endar í fjórða sæti fái ekki farseðil í Meistaradeildina.

Um helgina virtist sem löngun Tottenham Hotspur og Arsenal til þess að hafna á meðal fjögurra efstu liða deildarinnar þegar upp verður staðið ekki vera ýkja mikil.

Tottenham laut í lægra haldi fyrir West Ham United en var reyndar sterkari aðilinn lengstum í leiknum en þetta var annað tap Tottenham í síðustu þremur leikjum liðsins í deildinni. Þá hafa lærisveinar Mauricio Pochettino enn fremur beðið ósigur í fjórum af síðustu sjö deildarleikjum sínum.

Þeim til varnar er leikmannahópur liðsins ekki jafn breiður og hinna liðanna í kring og er lemstráður vegna meiðsla lykilleikmanna.

### Stóru málin

eftir helgina í enska boltanum

**Stærstu úrslitin**  
Öruggur sigur Leicester City gegn Arsenal voru óvæntustu úrslit helgarinnar. Kannski ekki sú staðreynd að Leicester City hafi farið með sigur af hólmi í leiknum heldur frekar hversu öruggur sigurinn var. Leicester City hefur gert nokkrum af efstu sex liðum deildarinnar skræveifu í vetur og það hélt áfram um helgina.



**Hvað kom á óvart?**  
Southampton bjargaði sér frá falli um helgina með 3-3 jafntefli sínu gegn Bournemouth. Þrátt fyrir 1-0 tap Burnley gegn Manchester City eru Jóhann Berg Guðmundsson og samherjar hans hjá Burnley sömuleiðis sloppnir við fall úr deildinni.



**Mestu vonbrigðin**  
Cardiff City með Aron Einar Gunnarsson mistókst að laga stöðu sína í fallbaráttu deildarinnar þegar liðið mætti föllnu liði Fulham. Ryan Babel sá til þess að lífróður Cardiff City verður ansi erfiður í lokaumferðum deildarkeppninnar.



### Leikmaður helgarinnar

Jamie Vardy hefur gengið í endurnýjun lífdaga undir stjórn Brendan Rodgers hjá Leicester City en hann skoraði tvö mark liðsins þegar liðið lagið Arsenal að velli með þremur mörkum gegn engu um helgina.

Enski framherjinn var fallinn í ónáð og farinn að sitja heilu og hálfu leikina á varmannabekknun undir stjórn Claude Puel sem svo var látinn taka pokann sinn.

Vardy er hraður og siógnandi framherji sem er óþolandi fyrir varnarmenn að eiga við.

Þrátt fyrir að Rodgers aðhyllist að leika knattspyrnu sem gengur út á að halda boltanum innan liðsins og leika frekar tæknilega góðum leikmönnum hefur og það sé kannski ekki helsti kostur Vardy hefur hann blómstrað undir stjórn hans.

Það er vonandi fyrir Leicester City að Vardy haldi áfram uppteknum hætti og raði inn mörkum fyrir liðið í síðustu tveimur umferð deildarkeppninnar.



Leikjadagskrá Tottenham Hotspur sem hefur verið stíf virtist hafa tekið toll af leikmönnum liðsins sem voru þreyttir undir lok leiksins.

Arsenalmenn sýndu hins vegar enn meira viljaleysi en nágrannar þeirra og erkifjendur þegar liðið laut í lægra haldi í sínum þriðja deildarleik í röð. Að þessu sinni var það Leicester City sem fór með sannfærandi 3-0 sigur af hólmi í leik liðanna. Arsenal hefur nú tapað í fjórum afsíðustu fimm deildarleikjum sínum. Unay Emery hefur hvílt

lykilleikmenn sína í deildinni undanfarið og svo virðist sem hann hafi meiri hug á að viðhalda frábæru gengi sínu í Evrópu-deildinni en að sigla þriðja eða fjórða sætinu í höfn.

Að lokum skildu Manchester United og Chelsea jöfn 1-1 í leik liðanna á Old Trafford. Manchester United batt þar enda á þriggja leikja taphrinu í deildarkeppninni og Meistaradeildinni og náði í sálfræðilega mikilvægt stig þrátt fyrir að liðið þyrfti sárlega á þremur stigum að halda.

# FRÉTTABLAÐIÐ

MÁNUDAGUR 29. APRÍL 2019

## Heilsa

### HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.



„Þegar hjólað er í löngum og bröttum brekkum þarf að endurstilla skilningarvitin og vöðvaminnið og um leið að huga að því hvað sé í raun hættulegt,“ segir Helgi Berg Friðþjófsson, vélvirki, verkstæðisformaður og hjólréiðakappi með meiru, sem fór í mikla ævintýraferð síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Skilningarvitin endurstíllt

Sex daga hjólaferð kringum Mt. Blanc reyndist röð ævintýra og frábærra upplifana hjá Helga Berg Friðþjófssyni og hjólafélögum hans síðasta sumar. ➔2

## Framhald af forsiðu ➔

Helgi Berg Friðþjófsson, vélvirki og verkstæðisformaður hjá Hjólaspretti í Hafnarfirði, hefur frá unga aldri verið öflugur hjólamaður og sérstaklega stundað fjallahjólreiðarnar undanfarnin ár. Síðasta sumar fór hann ásamt góðum hópi í sex daga ferð kringum Mt. Blanc, sem er hæsta fjall Vestur-Evrópu og liggur á landamærum Frakklands, Ítalíu og Sviss. „Það var svo sannarlega ótrúleg lífsreynsla að upplifa þetta ævintýri. Að hjóla svona hátt uppi í fjöllum og stanslaust niður í móti í kannski klukkutíma er auðvitað frábær upplifun og eitthvað sem varla er hægt hérna heima. Þarna eru líka góðir malbikaðir vegir upp við slóðana sem gera aðgengi svo auðvelt og þægilegt. Einn af hápunktum ferðarinnar var að fara yfir St. Bernard-skardið yfir til Ítalíu en þar gistum við á gömlu hóteli í um 3.000 metra hæð, í 200 metra fjarlægð frá landamærum Sviss og Ítalíu, með stórkostlegt útsýni.“

Öðlilega er mikill munur á því að hjóla í hlíðum Mt. Blanc og heima á Íslandi. „Ég mundi segja að helsti munurinn liggur í trjárótunum en þær geta verið sleipar. Þegar hjólað er í löngum og bröttum brekkum þarf að endurstilla skilningavitin og vöðvaminnið og um leið huga að því hvað sé í raun hættulegt. Það gerist þó fljótlega á fyrsta degi. Annar augljós munur er hversu þægilegra er að hjóla í meiri hita og geta verið léttklæddur. Fyrir vikið er maður léttari á sér og upplifir sig einhvern veginn frjálsari.“

## Kviknaði á Instagram

Áhuginn á hjólaferðinni kviknaði þegar félagarnir sáu myndir á Instagram-síðu Ben Jones-ferðabjónustunnar þar sem blöstu við ótrúlegir slóðar í stórbrotnu háfjallasvæði Mt. Blanc. „Við sáum strax að það hlyti að vera gaman að hjóla þarna. Fljótlega hófst vinnan við að kanna hvort áhugi væri fyrir að safna saman góðum hópi í þennan leiðangur. Úr varð að auk mín slógust með í för Gunnhildur Georgsdóttir, Þórdís Georgsdóttir, Heiðrún Erla Guðbjörnsdóttir, Alexander Tausen, Steini Sævar Sævarsson og Hjálmar Svanur Hjálmarsson.“

## Sex daga ævintýri

Hópurinn flaug fyrst til Genf en þaðan var keyrt til Chamonix í Frakklandi þar sem hópurinn hitti starfsmenn ferðaskrifstofunnar. Um var að ræða tvær öflugar og reynslumiklar hjólreiðakonur, Claire og Anne, sem skiptust á að keyra og hjóla til skiptis með hópnum. „Dæmigerður dagur hófst klukkan 9 þegar hjólin voru sett á kerruna og farangurinn



Helgi fremstur ásamt Heiðrúnu og Gunnhildi á fjórðu dagleið, hjólandi niður bratta brekku.

“Þetta var oft ansi bratt en frábær upplifun á sama tíma. Bremsurnar mínar grilluðust á öðrum degi svo ég keypti nýjar og skellti á um kvöldið.”

settur aftur í bilinn. Á hverjum degi var keyrt 4-7 sinnum hátt upp í hæðirnar þaðan sem við hjóluðum skemmtilegar og tæknilegar leiðir niður þar sem billinn, lest eða kláfur beid okkar fyrir næstu ferð upp. Í lok dags var svo hjólað og endað á næsta náttstað. Hringurinn tók sex daga og enduðum við að honum loknum aftur í Chamonix.“

## Bremsurnar grilluðust

